

# Samningur um afnot af landi

## Aðilar samningsins

### 1. gr.

**Landeigandi:** Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði

**Verktaki:** Hampiðjan hf., kt. 590169-3079, Skarfagörðum 4, 104 Reykjavík.

## Lýsing lands

### 2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur á fundi sínum þann **xx. júní 2024**, samþykkt tillögu skipulags- og mannvirkjanefndar, um að Hampiðjan hf. fái afnot af landi við Suðurtanga 18 og 20 vegna bráðabirgða vinnuaðstöðu við hringi fyrir fiskeldi.

Landsvæðið er 6.266 fm. að stærð, með vísan í uppdrátt í gildandi aðalskipulagsbreytingu, samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 15. júní 2017.

Svæðið er á skilgreindu hafnar- og iðnaðarsvæði í Aðalskipulagi Ísafjarðar 2008-2020.

### 3. gr.

Önnur nýting en fram kemur í samningi þessum og skv. skilmálum aðalskipulags varðandi svæðið er óheimil án samþykkis Ísafjarðarbæjar. Afnotarétturinn einskorðast við bráðabirgða vinnuaðstöðu við hringi fyrir fiskeldi. Afnotaréttur Hampiðjunnar hf. af svæðinu er án endurgjalds.

Meðan samkomulag þetta er í gildi er gerð sú krafa til beggja aðila, að umgengni um að svæðið sé til fyrirmyndar og skal því skilað í sama ástandi og tekið var við því.

## Afhending

### 4. gr.

Hampiðjan hf. fær landsvæðinu úthlutað til bráðabirgða vinnuaðstöðu við hringi fyrir fiskeldi eins og það er við undirritun samkomulags þessa. Hampiðjan hf. hefur kynnt sér rækilega ástand landsins og gerir ekki athugasemdir við það.

## Samningstími

### 5. gr.

Hampiðjan hf. fær landsvæðið afhent til afnota við undirritun samnings þessa í 5 ár. Uppsagnarfrestur skal vera þrjú mánuðir af hálfu beggja aðila. Ísafjarðarbær er ekki skaðabótaskyldur gagnvart Hampiðjunni hf. **Afnotasamningur þessi fellur úr gildi þegar sótt er um lóð á svæðinu á tímabilinu.**

**Framsál**

**6. gr.**

Hampiðjunn hf. er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum.

**Ýmis ákvæði**

**7. gr.**

Komi upp ágreiningur milli aðila út af samningi þessum, skulu þeir eftir fremsta megni reyna að jafna þann ágreining. Mál vegna samnings þessa skal rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

**8. gr.**

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum.

Ísafirði, xx. júní 2024

\_\_\_\_\_  
f.h. Ísafjarðarbæjar

\_\_\_\_\_  
f.h. Hampiðjunnar hf.

Vottar að rétttri dags.,  
og undirskrift aðila

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_